

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Jarðhiti í Svalbarðshreppi I

Gunnarsstaðir og Kollavík



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/021

Júlí 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir jarðhita í löndum Gunnarsstaða og Kollavíkur í Svalbarðshreppi í Þistilfirði. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir jarðhitastaðina (myndir 9 til 11).

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um jarðhitastaði í Svalbarðshreppi.

Númer	Staðar-númer	Hiti °C	Rennsli l/s	Nafn	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
G-01		29,5	0,1-0,2	Heitalind í Garðsártungu	Gunnarsstaðir	66° 04.217	15° 31.698
G-02		25,5	0,1	Garðsártunga	Gunnarsstaðir	66° 04.230	15° 31.574
G-03		16,7	0,1	Garðsártunga	Gunnarsstaðir	66° 04.232	15° 31.670
G-04		7,1	1	Garðsártunga	Gunnarsstaðir	66° 04.269	15° 31.712
K-01		26,1	0,1	Grænur	Kollavík	66° 17.046	15° 50.025
K-02		27,3	0,3-0,5	Grænur	Kollavík	66° 17.044	15° 50.021
K-03		20,9	Seytl	Grænur	Kollavík	66° 17.035	15° 50.014

Svalbarðshreppur

Gunnarsstaðir G-01

Jarðhiti er í svonefndri Garðsártungu um 10 km suðvestur af Gunnarsstöðum. Girðingarstaur hefur verið rekinn niður við laugina. Stærsta augað er í miðjum flóa milli urðarholta og nefnist hún Heitalind. Hún er í pytti sem er um 0,5-1 metri á dýpt og 50-60 cm í þvermál. Hæsti hiti mældist 29,5°C. Lækur rennur frá henni og er rennsli metið 0,1-0,2 l/s. Töluvert slý er í læknum. Stöðugt bólustreymi er í lindinni. (1. og 2. mynd)



1. mynd. Heitalind á Gunnarsstöðum.



2. mynd. Heitalind á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Gunnarsstaðir**G-02**

Um 30 metrum norðaustan við G-01 er annað auga og mældist hiti í því 25,5°C og rennsli er um 0,1 l/s. Þvermál augans er 20-30 cm og í því er lítils háttar bólustreymi. Lækur er frá því í norðaustur og í eystri bakka hans annað auga (G-03). Lækurinn rennur út í ekkert töluvert norðar og þar er mikið af hvítum útfellingum í grassverðinum. (3. mynd)



3. mynd. Jarðhitastaður G-02 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Gunnarsstaðir

G-03

Jarðhitastaður G-03 er um sex metrum norðar er G-02 og í austurbakka lækjarins sem frá henni rennur. Þetta er lítið auga. Hiti mældist 16,7°C og rennsli metið 0,1 l/s. (4. mynd)



4. mynd. Jarðhitastaður G-03 á Gunnarsstöðum. Horft í suður.

Gunnarsstaðir**G-04**

Jarðhitastaður G-04 er um 100 metrum norðan við G-01 og er norðarlega í flóanum. Þar er lækur og í botni hans á um 5-6 metra kafla er velgja. Hæsti hiti mældist 7,1°C og rennsli í læknum er um 1 l/s. Töluvert slý er í læknum. (5. mynd)



5. mynd. Jarðhitastaður G-04 á Gunnarsstöðum.

Kollavík**K-01**

Jarðhitinn í Kollavík er í svonefndum Grænum sem eru innst á Kollavíkurdal. Jarðhitinn er um 1,3 km beint vestur af Kollavíkurbænum og er í vesturbakka Kollavíkurár. Þetta er nyrsti staðurinn af þremur og kemur heita vatnið úr klöpp í árbakkanum. Stór steinn er þar skammt frá upp á bakkanum. Þar er mikið slý og hvítar útfellingar á steinum. Hiti mældist 26,1°C og rennsli metið 0,1 l/s. (6. mynd)



6. mynd. Jarðhitastaður K-01 í Kollavík. Horft í vestur.

Kollavík**K-02**

Jarðhitastaður K-02 er um fimm metrum suðaustar og í sama árbakka. Þar kemur upp 27,3°C heitt vatn og rennsli metið 0,3-0,5 l/s. Vatnið kemur upp í klöpp og þar er mikið slý og hvítar útfellingar á steinum. (7. mynd)




7. mynd. Jarðhitastaður K-02 í Kollavík. Horft í vestur.


Jarðhitastaður K-03 er um 20 metrum sunnar en síðasti staður. Þar er dý í mýri á árbakkanum og er stór steinn á milli þess og árinna. Hiti mældist 20,9°C en rennsli hverfandi. Augað er um 40-50 cm í þvermál. Ljóst slý og lítils háttar bólustreymi. (8. mynd)




8. mynd. Jarðhitastaður K-03 í Kollavík. Horft í vestur.



9. mynd. Staðsetning jarðhita á Gunnarsstöðum og Kollavík í Sválbarðshreppi.



10. mynd. Staðsetning jarðhita í Garðsártungu á Gunnarsstöðum í Þistilfirði.



11. mynd. Staðsetning jarðhita í Kollavík í Svalbarðshreppi.